Til skipulags- og umhverfisráðs

ONE: 26082016/ EML. 15. október 2026

Efni: Beiðni um að hefja vinnu við breytingu á deiliskipulagi Kársneshafnar, vestanvert Kársnes.

Óskað er eftir heimild skipulags- og umhverfisráðs til að hefja vinnu við breytingu á deiliskipulagi Kársneshafnar, sem samþykkt var í bæjarstjórn Kópavogs 23. janúar 1990, með síðari breytingum, fyrir það svæði sem Kópavogshöfn tilheyrir.

Kópavogshöfn er í dag smábáta- og fiskihöfn en stefnt er að þróun hennar í líflega útivistarhöfn í samræmi við markmið Aðalskipulags Kópavogs 2019–2040 og Rammahluta aðalskipulags fyrir vestanvert Kársnes. Með breytingu deiliskipulagsins er fyrirhugað að skapa skipulagslegar forsendur fyrir áframhaldandi þróun hafnarinnar og fyrirhuguðum framkvæmdum á svæðinu.

Við forathugun er mögulegt breytingarsvæði um 14,5 ha að flatarmáli. Það afmarkast til norðurs af mörkum reita 7 og 8, til austurs af lóðarmörkum Bakkabrautar 9–23, Bakkabrautar 2, 5 og 7 og Bryggjuvarar 2 og 4, til suðurs af hluta friðlýsts svæðis og afmörkun fyrirhugaðs hafnarsvæðis og til vesturs af svæði 7 og sjó. Á meðfylgjandi uppdrætti er reitur 7 afmarkaður með gulri brotalínu og reitur 8 með rauðri brotalínu.

Endanleg afmörkun breytingarsvæðisins verður ákveðin eftir því sem skipulagsvinnunni vindur fram, meðal annars með tilliti til þess hvort reitur 7 verði felldur að hluta eða öllu leyti innan breytingarsvæðisins. Við áframhaldandi vinnu er mikilvægt að tryggja heildstæða nálgun við skipulag reita 7 og 8 og að ákvarðanir um þróun annars reitsins takmarki ekki möguleika til framtíðarþróunar hins.



Mynd 1: Forathugun, möguleg afmörkun deiliskipulagsbreytingar fyrir Kópavogshöfn og umhverfi í kring

Skipulagsleg staða og forsendur

Aðalskipulag og Rammahluti aðalskipulags fyrir vestanvert Kársnes

Í gildi er Aðalskipulag Kópavogs 2019–2040, samþykkt í bæjarstjórn Kópavogs 28. desember 2021 og birt í B-deild Stjórnartíðinda 30. desember 2021. Umrætt svæði tekur til þróunarsvæðis, ÞR-1, hafnarsvæðis, H-1, íbúðarsvæðis, ÍB-1, og hluta opins svæðis, OP-1.13. Svæðið er samgöngumiðað þróunarsvæði þar sem stefnt er að þéttri og blandaðri byggð í tengslum við Borgarlínu en grófari atvinnustarfsemi verður víkjandi. Gert er ráð fyrir íbúðum, verslun og þjónustu, möguleika á safni eða menningarstarfsemi vestan hafnarinnar og möguleika á nýjum viðlegukanti sunnan hennar, sem útfæra þarf nánar við deiliskipulagsgerð og umhverfismat. Hindranasvæði Reykjavíkurflugvallar nær yfir svæðið og skal leita umsagnar Isavia áður en deiliskipulagstillaga er auglýst.

Rammahluti Aðalskipulags Kópavogs 2019–2040 fyrir vestanvert Kársnes var samþykktur í bæjarstjórn 10. mars 2026 og útfærir nánar heildarsýn fyrir þróun svæðisins. Kársneshöfn er á svæði C, Kársnestá, sem nær yfir reiti 1, 7 og 8. Markmiðið er að höfnin þróist í öflugt og fjölbreytt hafnar- og útivistarsvæði þar sem hefðbundin hafnarstarfsemi og trilluveiði fara saman við áhugasiglingar, hafsækna ferðaþjónustu, verslun og þjónustu. Hafnarbakkanum er ætlað að verða aðlaðandi almenningsrými með sterk tengsl við sjóinn og jafnframt skal taka mið af sögu og karakter svæðisins sem hafnar- og athafnasvæðis.

Deiliskipulag

Í gildi er deiliskipulag Kársneshafnar samþykkt í bæjarstjórn Kópavogs 23. janúar 1990 og af skipulagsstjóra Ríkisins 19. mars 1990. Gerðar hafa verið 34 breytingar á gildandi deiliskipulagi, þar af 8 fyrir umrætt svæði og reit 8.

Markmið skipulagsvinnunnar eru m.a. eftirfarandi:

- Að skapa líflega höfn og áfangastað sem laðar að bæði íbúa og gesti
- Að höfnin verði stækkuð og hönnuð út frá veðurskilyrðum og hafstraumum
- Að auka mannlíf með blandaðri starfsemi, þ.e verslun og þjónusta á jarðhæðum, íbúðum og skrifstofum. Gert er ráð fyrir smáhýsum fyrir hafsækna ferðaþjónustu
- Að styrkja sjávartengda starfsemi, einkum hafsækna ferðaþjónustu, trilluveiði og tómstundar- og áhugasiglingar m.a. með hliðsjón af breyttum aðstæðum í Fossvogi vegna Fossvogsbrúar
- Að gera sjávarsíðuna aðgengilega almenningi, m.a. með Kársnesstíg, góðum göngutengingum, dvalar- og áningastöðum
- Varðveita og nýta hafnar- og iðnaðarsögu svæðisins sem hluta af staðaranda, m.a. með efnisvali og byggingarlist sem skírskotar til fyrri starfsemi
- Að skapa vönduð almenningsrými við höfnina þar sem gróður, efnisval, list og götugögn styðja við dvöl, leik og útivist

F.h. skipulagsfulltrúa
Elín Mjöll Lárusdóttir
Arkitekt

Rafræn skilríki

Undirritað af: Elín Mjöll Lárusdóttir

Tími: 16.10.2026 13:17
Undirrita skjal úr OneCRM

Undirritað með OneSign